

## REGLUGERÐ

### um línuvildun.

#### 1. gr.

Frá og með 1. september 2017, má við línuveiðar dagróðrabáta með línu, sem beitt er í landi, landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og karfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi, að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og karfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátum.
2. Að línan sé stokkuð upp í landi með þeirri aðferð sem lýst er í 2. gr. og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátum.
3. Að bátur komi til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða.
4. Að sjálfvirkt tilkynningakerfi bátsins sé virkt.
5. Að útgerðaraðili tilkynni um fyrirhugaðar línuveiðar til Fiskistofu skv. 4. gr.
6. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflaupplýsingakerfið Gafli, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína eða lína stokkuð upp í landi samkvæmt upplýsingum útgerðaraðila.

#### 2. gr.

Þegar lína er stokkuð upp í landi skal verkferill vera eftirfarandi: Lína fer eftir röfum í uppstokkara með burstum um borð í bátum. Beita er þar þvegin af. Þeir krókar sem eru heilir og rata rétta leið raðast á stökk, en línan sjálf fer í kassa ásamt þeim krókum sem ekki eru í lagi. Sá hluti línunnar, þar sem taumar hafa slitnað af, fer beint í kassann. Kassar eru síðan hífdir í land í körum og á þann stað sem uppstokkun fer fram. Uppstokkun fer þannig fram að kassanum er komið fyrir í sérstakt sæti og stökkurinn festur við stærri rekka. Hver krókur fyrir sig er færður handvirkt inná þann rekka. Krókar eru réttir eða bætt á línuna og greitt úr flækjum eða hnútum. Þegar stökkurinn er tómur er línan flutt aftur á stökkinn sem hún var á og hann lagður í kassa.

#### 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuvildun í þorski takmarkast við 3.375 lestir, 1.355 lestir af ýsu 700 lestir af steinbít, 170 lestir af löngu, 60 lestir af keilu og 40 lestir af gullkarfa, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðiársins:

Tímabil	Þorskur	Ýsa	Steinbítur	Langa	Keila	Gullkarfi
1. September – nóvember	1.080	493	33	72	31	10
2. Desember - febrúar	1.280	434	105	30	7	5
3. Mars – maí.	770	250	425	44	9	12
4. Júní – ágúst.	245	178	137	24	13	13

#### 4. gr.

Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils verði náð sbr. 2. gr. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

#### 5. gr.

Útgerðaraðili skal tilkynna Fiskistofu fyrirfram um upphaf og lok þess tíma sem línuveiðar samkvæmt 1. gr. eru fyrirhugaðar. Fiskistofa ákveður nánar hvernig tilkynningunni skuli háttað. Tilkynningin gildir aldrei lengur en til loka fiskveiðiárs.

6. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða til að öðlast gildi 1. september 2017. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 638/2016, um línuívilnun.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. júlí 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Hinrik Greipsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2017